

Hvernig ganga samverustundir?

Heilt yfir ganga þær vel en það fer alveg eftir hvernig börnin eru stemmd. Oftast nær eru þau áhugasöm um það sem verið er að fara yfir í samverustundum og gengur þá allt eins og í sögu.

Samveran hefur gengið allavega, við höfum tvískipt samverunni í minni og stærri samverur. Í minni eru einstaklingar sem eiga erfitt með athygli.

Samverurnar ganga að öllu jöfnu vel en við þurfum að gera samverustundirnar markvissari og taka lítil skref í einu. Einnig náðist ekki alltaf tvískipting.

Mjög vel - græna samveran gengur mjög vel (2018 og 2019). Gula samveran gengur alltaf betur og betur

Oftast vel, sérkennslan aðstoðar í samveru eða sér um hana.

Oftast vel, reynum að vera undirbúin þó svo það klikki stundum. Erum dugleg að breyta um ef stuðið í hópnum er of mikið. Stundum hefur maturinn komið snemma og þá styttist samveran

Gengur vel með yngri hópinn en mæti ganga betur með eldri hópinn. Erum að vinna í laus.

Það gengur vel og athyglin oftast góð. Erum með tvískipta samveru, eldri í fremri stofu og yngri í innri stofu. Það misjafnt eftir dögum hvaða áhersla er í samveru, á mánudögum er stafakynning o.s.frv.

Þær ganga misvel. Gengur mun betur í Vík en Kletti. Við höfum þó stokkað upp sætaröðinni í Kletti. Það hefur mikil truflandi áhrif þegar verið er að taka til matinn í samverustundunni. Eins þegar er róleg stund eftir matinn er mjög truflandi þegar verið er að vaska upp. Börnin ná þá ekki rónni sem við viljum fá eftir matartímann.

Erum við að stuðla að því að börnin séu þátttakendur í eigin lífi? (Velji sjálfi, ráði sjálf)

Þegar það er hægt þá hafa börnin tækifæri til að velja. Fá að velja leikföng í frjálsum leik og fá að velja stundum hvort við séum inni eða úti og þess háttar.

Við hvetjum til sjálfstæði og þau ákveða hvað þau taka sér fyrir hendur. Lítið er um stýrðar stundir í leik heldur er kannski val um svæði og þau velja það leikefni sem þau vilja. Þau ráða ferðinni í sköpun, stundum eru þemu en efniviðurinn er opinn og þau ráða hvernig þau útfæra verkefni á fjölbreyttan

hátt. Höfum verið með kosningar hvort við erum inni og úti. Við erum með kosningar hvað á að ger á uppákomudögum og umbunum, þá koma börnin með hugmyndir sjálf og síðan kosið um hvað skal gera.

Já, fá að velja reglulega yfir daginn, alla daga. Hvaða dót þau vilja leika með, með hverjum og stundum í hvaða rými þau leika sér.

Já eins og hægt er

Já, upp að vissu marki - í leik ráða þau ferðinni

Já, við teljum vera að stuðla að þátttöku barnanna í sínu eigin lífi, með því að leyfa þeim að velja hvað dót þau leika sér með, velja sér leikfélag, hvar þau leika sér inn á deild og föndurefnivið.

Já deildirnar skiptast á að velja uppákomudag þar sem börnin velja hvað þau vilja gera þann dag. Við á Kisudeild erum dugleg að leyfa þeim að velja hvort þau vilja leika úti eða inni. Stundum ræður meirihlutinn og stundum eru þau inni sem kusu það og hin sem kusu útveru fara út. Þau fá að velja hvað þau gefa í jólagjafir. Þau fá að kjósa umbun. Þau velja lög í samveru og koma með uppástungur af bókum sem þau vilja lesa.

Börnin fá alltaf að velja með hvaða dót þau leika, þau ráða hvað er á uppákomudögum og eins þegar umbun er á deildinni. Þau hafa stundum líka fengið að koma með hugmyndir af ví sem við gerum í samverustundum.

Hvernig gengur að vinna með kennsluefnið Þegar Rósa varða Ragnar? Bara hópstjórar 4 ára barna svara

Höfum ekki farið enn í það kennsluefni.

Það gekk mjög vel, börnin voru mjög áhugasöm. Inn á Bangsadeild eru flest börn opin fyrir öllu dóti. En við sjáum að við þurfum að vera velvakandi í þessum málum og passa okkur hvernig við tölum við þau.

Erum við að vinna eftir því að: kyn á ekki að hefta, hamla eða loka á óskir?

Kyn hefur ekki hamlað neinu á deildinni hjá okkur. Börnin fá að velja sjálf hvaða litir eru notaðir og hvaða leikföng þau velja.

Já (mjög mikið), við höfum verið með frekar kynjaðann hóp og við höfum þurft að koma þeim út fyrir kassann og stuðla að því að þau prufi nýja hluti sem þau vildu ekki áður þar sem það þótti „stelpulegt“. Höfum gripið í samræðuna þegar kynjaðar hugmyndir koma fram hjá börnunum, sérstaklega þegar kemur að litum. Strákarnir vildu í upphafi annar ekki koma nálægt bleikum eða fjólubláum en það má sjá núna fjölbreyttara litaval.

Já! Við leggjum mikið upp úr því að hver einstaklingur finni að kyn skipti ekki máli. Við erum ekki að kynjaskipta hópnum og öll fá að leika með það sem þau vilja

Það gengur vel, öll 4ra ára börnin fara í gegnum kennsluefnið og er einn kennari sem sér um þá fræðslu. Við erum mjög meðvituð um jafnrétti kynjanna og ræðum fjölbreytileika reglulega. Kennarar passa orðalag og eru meðvitaðir um bjóða uppá leikefnið sem brjóta upp þessar hefðbundnu staðalímyndir.

Já, stelpurnar velja stundum td að leika með kubba og bíla og strákarirnir velja stundum að leika í dúkkukrók.

Eru börnin að njóta sín í sköpun eða ræður kennarinn? Ræður kennarinn og gerir fyrir?

Þau eru mjög áhugasöm og finnst mjög gaman að fara í sköpun. Erum með í flæði hjá okkur og finnst það ganga vel þar sem börnin fá þá þann tíma sem þau þarfnast til þess að skapa. Það hefur komið fyrir að verkefni verður kennarastýrt. Við settum upp dagatal með hvaða þema við ætluðum að hafa í hverri viklu í sköpun og höfum verið að vinna eftir því. Dagatal kemur bara fram með þemu (geimþema og þess háttar) en ekki hvað er gert umfram það. Börnin hafa verið að njóta sín í sköpun og útfæra eigin hugmyndir. Kennarinn kemur með þemu eða hugmyndir útfærslan er þeirra þar sem þau t.d. blanda eigin liti, velja útfærslu og gera lang flest sjálf nema þegar þau biðja um aðstoð. Kennarinn í skipulögðum stundum er innan handar, en í frjálsum leik þar sem þau sækja mikið í að lita gerum við okkar besta að útvega það sem þau þurfa til að fullklára eigin verk.

Reynum eins og hægt er eftir aldri þroska. Þurfum að stýra yngstu börnunum meira. Við spyrjum mjög oft hvaða lit viltu? og svo framvegis.

Alltof mikið um stjórnun frá kennara

Börnin njóta sín í allri sköpun - það er frekast í fündri sem við þurfum að aðstoða litlu börnin okkar og jafnvel að stýra - reynum að fá þau til að gera sjálf en jú, við eigum það til að „allir geri gulan unga“ ☺ þó hver geri með sinni útfærslu

Gengur vel, börnin fá að velja sér efnivið og hvernig lokaniðurstaðan verður. Við erum meðvituð um að börnin ráða sinni sköpun sjálf og að kennarinn aðstoðar þau við að framkvæma sína sköpun. Þurfum að vera dugleg að minna okkur á að það eru börnin sem ráða sinni sköpun. Stundum eru

fyrirmælaverkefni þá er smá stýring en samt fá börnin að ráða hvernig þau útfæra verkefnið.

Pegar börnin fara td í kjallarann þá fá þau að velja hvaða sköpun þau vinna með. Börnin hafa fengið hugmyndir af föndri í gegnum google hjá okkur. En þó hafa sum verkefni sem unnin hafa verið, verið of kennarastýrð Bætum okkur í því!

Hvað gekk upp og hvað ekki inn á skóladagatalinu okkar?

Það gekk allt upp sem var inni á skóladagatalinu (stóra)

Held að við höfum staðið við allt sem var á skóladagatalinu og gott betur en það. Vegna manneklu var samt óþarflega mikið af skipulögðum stundum eins og samverur og hópastarf sem féll niður, en allt unnið upp sem var a plani.

Heilt yfir gekk þetta vel, það er að segja að fara eftir skóladagatalinu. Covid setti vissulega strik í reikninginn og mikil mannekla líka. Allir þreyttir eftir veturinn. Förun bjartsýnar í nýtt skólaár með von um að engin veira, eða annað, verði hindrun.

Okkur finnst allt hafa gengið upp, fundir og annað

Skóladagatalið gekk upp að mestu miðað við aðstæður. Ársplan Kisudeildar gekk að mestu upp það var ýmislegt sem þurfti að hliðra til eða fresta vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Þessi vetur var býsna erfiður og mikið álag sem fylgdi covid. Það sem má gera öðruvísi næsta skólaár er að fylgja betur plani (sem verður gert því covid verður búið :P). Vetrarstarfið gekk vel en það var ýmislegt sem varð að sitja á hakanum vegna aðstæðna í samfélaginu. Þar sem aðaláherslan var að sinna börnunum og láta daglega starfið ganga þá var það sem mátti bíða látið bíða.

Hvað má gera öðruvísi næsta skólaár?

Það mætti skipta skipta deildinni betur sérstaklega þar sem verið er að yngja upp á deildinni.

Aðal markmiðið er að ná meiri samfellu í starfið. Markvissari samverur, betri sætaskipan. Hópastarfið, hreyfistundir og hádegishópar hafa gengið mjög vel, en lagt verður mikið þúður í að bæta samverurnar.

Hvernig hefur vetrarstarfið gengið? (á þessum ólgu/óvissu tímum)

Hefur gengið vel þrátt fyrir mikil veikindi og mannabreytingar á leikskólanum.

Vetrarstarfið hefur gegnið vel miðað við aðstæður, höfum verið að vinna upp halla þegar hann myndast. Hópastarfið, hreyfistundir, hádegishópar og vettvangsferðir hafa gengið vel, þó samfellan hefur verið upp og ofan. Helsti mælikvarðinn á ágæti stundanna er að börnin eru alltaf mjög spennt fyrir þessum stundum og hafa orð á því hvað þau elska hópastarf, hreyfistundir og hádegishópa.

Flest gekk vel, helst búningar, dót og þess háttar sem ekki mátti koma með í skólann. Næsta skólaár munum við vonandi geta boðið foreldrum, ömmum og öfum í kaffi. Meira samstarf við grunnskólann.

Heilt yfir gengið vel en mikið um manneklu og mikið þúsl. Sérkennsluteymið mikið í afleysingum á kostnað sérkennslu barna.

Hópastarf og aðrar skipulagðar stundir voru oft allskonar... oft þurftum við að blanda saman hópum eða skipta börnunum öðruvísi upp og jafnvel sleppa hópastarfi - Svona heilt yfir voru miklar breytingar eftir áramót v/veikinda og þurftum við oft að breyta skipulaginu - oft vorum við bara að halda sjó Erfitt að halda skipulagi þegar starfsmenn detta út og nýtt og nýtt starfsfólk kemur inn og covid hjálpaði ekki. En með því að róa sig í kröfunum þá höfum við notkun vegin haldið skipulagi. Gengur vel í dag og starfsmenn komnir vel inn í starfið.

Við ákváðum í samráði við Elvu Haralds að slaka á skipulagi deildarinnar, vegna erfiðs barnahóps. Hún hvatti til að huga frekar að því að halda vel utan barnahópin og minnka skipulag. Það hefur allt gengið mun betur eftir að við skiptum barnahópnum upp í tvennt. Í tvær stofur.

Það er komin meiri ró og sérkennslan hefur aðstoðað okkur heilmikið í vetur. Við munum klárlega vinna allt öðruvísi með næsta barnahóp sem kemur til okkar í haust. Þessi vetur hefur verið mjög krefjandi en lærdómsríkur.

Hvað er mikilvægast að börn læri og tileinki sér í leikskóla?

Mjög mikilvægt að stuðla að góðum félagsþroska og samskiptum. Að börn kunni hvernig koma á fram við aðra af virðingu og hlusta á aðra.

Góð samskipti, veturinn hefur að miklu leiti farið í að stuðla að góðum samskiptum og samskiptaháttum. Góð sjálfsbjargarviðleitni, að gera sjálf og vera þátttakendur í eigin verkefnum, taka frumkvæði og biðja um það sem þeim vantar. Taka ábyrgð á eigin verkefnum, þ.e. að bjarga sér sjálf, setja þau upp t.d. í möppur og að þau þroski sín áhugasvið í leik og starfi. Sjálfstæði í fataherbergi og sjálfshjálp. Eflist í fín og grófhreyfingum og þeim líði vel.

Einnig að þau séu í örvandi umhverfi þar sem þau geta þroskað málvitund og málkunnáttu.

Sjálfsstjórn - sjálfstraust - góð og heilbrigð sjálfsímynd - virðing fyrir sér og öðrum (hlutum líka) - heilbrigð og góð samskipti - félagsfærni - að kunna að setja mörk. Vera hamingjusöm í eigin skinni ☺ Virðingu, sjálfshjálp, mynda félagstengsl, samkennd, ummhyggjusemi, reglur og aga.

Samskipti og félagsleg tengl - öðlist trú á eigin getu, verði sjálfstæð

Sjálfstæði, sjálfshjálp, eignist vini og hafi sjálfstraust að segja það sem því finnst. Kunni að leika sér og gleyma sér í leiknum. Kunni að slaka á og finna ró.

Samskipti, kurteysi, félagsfærni, umburðarlindi, sjálfstæði, sköpun og gagnrýna hugsun.

Félagsleg samskipti, að börn læri að vera í hóp. Að börnin tileinki sér þær reglur sem gilda í leikskólanum. Eins að þau sýni hvort öðru tilitssemi og beri virðingu fyrir hvort öðru og kennurum sínum.